Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 14. mars 2022
22021253/510.03 BR

Álfhólsvegur 29. Umsögn gatna- og framkvæmdadeildar Kópavogs vegna tengingu við veitur

Til stendur að byggja 2ja hæða fjölbýlishús með 4 íbúðum, 2 á hverri hæð að Álfhólsveg 29. Á lóðinni er 84,4 m2 einbýlishús byggt úr timbri árið 1942 ásamt 42,2 m2 bílskúr.

Fráveita
Ekki er hægt að tengja fráveitu frá 1. hæð að lagnakerfi í Álfhólsveg vegna hæðarmunar nema koma fyrir dælubrunn. Núverandi lagnir liggja milli Álfhólsvegar og Löngubrekku eru einfaldar þ.e. bæði fyrir regnvatn og skólpvatn, svokallað bakræsi, og tengjast við lagnakerfi í Löngubrekku. Ástand lagna er óvitað og gera má ráð fyrir að endurnýjunar sé þörf, og þá sérstaklega til að leggja regnvatnslagnir frá húsinu. Þetta mun kosta rask á aðliggjandi lóðum.

Ekki er mælt með því að húsið tengist við einfaldar lagnir þar sem stefna Kópavogs í fráveitumálum er að hafa allar lagnir tvöfaldar.

Vatnsveita
Tengt yrði við götulögn í Álfhólsveg en heimæð er tilgreind á eldri teikningum til að vera 40 mm í þvermál, stækka þyrfti heimæðina. Mælst er til að tengipunktur í húsunum verði sem næst Álfhólsveg. Rjúfa þarf Álfhólsveg til að koma tengingunni fyrir.

Rafveita
Ljósastaur er þar sem samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir innakstri á bílastæði. Færa þyrfti staurinn til um sem nemur rúmum fjórum metrum til hliðar.

Hitaveita
Núverandi hitaveitulögn liggur samhliða núverandi vatnsveitulögn. Endurnýja þarf hitaveitulögn fyrir nýbyggingu. Rjúfa þarf gangstétt framan við húsið við endurnýjun.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026